



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangout - 17.5.2016 kl. 18:00

Mætt:

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

Fjarverandi:

Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Búnaður frá FIA-GIMMS

Búnaður frá FIA-GIMMS var settur í nokkrar keppnisbifreiðar á Sindratorfærinni að Hellu helgina 7. og 8. maí 2016, en lítið var um harkalegar veltur. Send verður fyrirspurn til GIMMS og tollyfirvalda hvort við megum skila mælitækjunum eftir næstu torfærukeppni þann 11. júní 2016.

2. Reykingar á keppnissvæðum

Framkvæmdastjóra falið að senda á keppnishaldara og birta á heimasíðunni ítrekun þess efnis að keppnissvæði eru íþróttamannvirki á meðan á keppni stendur og reykingar þar af leiðandi bannaðar.

Þetta á einnig við um pitt og viðgerðarsvæði ásamt og tímavarðstöðvum í rally. Keppnishaldarar skilgreini svæði þar sem reykingar verði heimilar.

3. Athugasemd AKÍS við samgönguáætlun

Stjórn hvött til að ítreka við pólitíska fulltrúa í heimahéraði og fulltrúa þeirra á Alþingi mikilvægi þess að fá viðurkennt að eðlilegt sé að úthluta fjármagni til viðhalds svokallaðra *íþróttavega* í samgönguáætlun 2015 - 2018.

4. Fundur með Akureyrarbæ 11. maí 2016

Formaður AKÍS ásamt formanni BA (Einar Gunnlaugsson) og varaformanni (Jón Rúnar Rafnsson) hittu fulltrúa Akureyrarbæjar 11. maí 2016 þar sem farið var yfir stöðu mála og þá vinnu sem núna er í gangi.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.